

Ed.

335. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og orðið ásatt um, þrátt fyrir nokkurn skoðanamun innan nefndarinnar, að greiða fyrir málinu til annarar umræðu.

Þrir nefndarmenn, sem ritað hafa undir álit þetta án fyrirvara, telja mál þetta svo mikilsvert, að æskilegt sje, að það nái fram að ganga á þessu þingi, enda nú svo undirbúið, að við það megi una.

Hinsvegar álíta tveir nefndarmanna, að nokkur ákvæði frv. hefðu mátt betur fara, og áskilja þeir sjer, með fyrirvara, rjett til að koma fram með breytingartillögur við þau.

Það hefir verið fundið að 9. gr., að orðalagið um það, hvenær og á hvern hátt ríkissjóðstillagið yrði greitt, væri óljóst og ekki tekið fram, hve mikið

verk fjelagið yrði að inna af hendi, áður en til fjárframlags kæmi úr rikissjóði, og kemur því fram breytingartillaga við nefnda grein til þess að bæta úr því.

Ennfremur þykir ástæða til að bæta aftan við 11. gr., að mannvirki öll skuli vera til tryggingar því, að járnbrautarrekstrinum verði haldið áfram hindrunarlaust og verkinu fram haldið með hæfilegum hraða og að öllu leyti svo frá því gengið, að það verði að tilætluðum notum.

Það virðist tilgangslítið að fjölyrða hjer um hina almennu þýðingu málsins, þar sem það hefir áður verið svo margsinnis athugað og rætt frá öllum hliðum.

Nefndin mun gera nokkru nánari grein fyrir skoðun sinni við umræðurnar.

Alþingi, 7. apríl 1927.

Jónas Kristjánsson,
form.

Magnús J. Kristjánsson,
frsm.

Einar Jónsson.

Björn Kristjánsson,
með fyrirvara.

Einar Árnason,
með fyrirvara.